

# Minnisblað

---

**Dagsetning:** 5. febrúar 2021

**Verkefni:** Húnavetningur

**Efni:** Samantekt starfshóps um atvinnu- og byggðamál

**Viðtakandi:** Samstarfsnefnd

**Skjalið sömdu:** Starfshópur um atvinnu- og byggðamál

---

## Sameiginleg verkefni og tækifæri

- Stuðla að vistvænu samfélagi fyrir íbúa og atvinnulíf í samræmi við Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Nýtt hlutverk fyrir húsnaði Húnavallaskóla.
- Endurbætur og viðhald héraðs - og tengivega.
- Kalla eftir umbótum í þjónustu ríkisins í Austur- Húnavatnssýslu m.a. með því að:
  - tryggja öfluga heilbrigðisþjónustu, m.a. með bættum aðgangi að sérfræðilæknum.
  - tryggja að Blönduóssflugvöllur geti þjónað sjúkraflugi með viðunandi hætti,
  - efla starfsemi innheimtuþjónustu sýslumanns á Blönduósi og Vinnumálastofnunar á Skagaströnd,
  - efla uppbyggingu rannsóknar- og þróunarstarfs, m.a. á sviðum sjávarútvegs og landbúnaðar.
- Markviss stefnumótun og aðgerðaráætlun í atvinnuþróun með stuðningi ríkisins, m.a. með:
  - uppbyggingu segla í ferðaþjónustu,
  - ýmsum tækifærum í landbúnaði og matvælaframleiðslu,
  - aukinni nýtingu innviða í upplýsingatækni,
  - fjölgun starfa sem krefjast fagmenntunar.
- Styrking innviða til raforkuflutninga.
- Stofnframkvæmdir við hafnir og sjóvarnir.
- Atvinnuþróunarsjóður fyrir Austur- Húnavatnssýslu.
- Styrking skapandi greina innan Austur -Húnavatnssýslu
  - T.d. með aukinni aðkomu ríkisins að fjármögnun listamiðstöðva
- Bætt aðgengi að menntastofnunum
  - Tryggja fjármögnun námsvera
  - Dreifnám á framhaldsskólastigi
  - Almenningsamgöngur

## Hagsmunir svæðisins

Helstu hagsmunamál sveitarfélaganna fjögurra er í atvinnu- og byggðamálum, orkumálum og samgöngumálum.

Þjóðvegur 1 liggur um tvö sveitarfélaganna og skapar góða vegtengingu bæði til austurs og vesturs og vegurinn um Þverárfjall skapar góða tengingu við Skagafjörð. Vegurinn um Skagatá

og hringtengingar um svæðið skapa góða möguleika fyrir skipulagningu skoðunarferða á svæðinu en ástandi héraðs og tengivega er verulega ábótavant.

Tryggja þarf að sú mikla raforka sem framleidd er á svæðinu nýtist til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Aðgengi að raforku er takmarkað af burðargetu flutningskerfisins. Mikilvægt er að létt verði á flutningskerfinu innan svæðisins með nýrri flutningsleið frá Blönduvirkjun í Hrutatungu þannig að burðargeta byggðalínunnar nýtist til að flytja raforku til notenda á svæðinu.

Á svæðinu er öll nauðsynleg þjónusta fyrir ferðamenn og mikil sóknartækifæri í uppbyggingu áfangastaða og þjónustu. Tækifæri liggja enn frekar í tengingu ferðaþjónustu við grunnatvinnuvegi svæðisins, s.s. með því að skapa sérstöðu í sölu landbúnaðarafurða til ferðamanna beint frá býli og ferðamennsku tengdri sjóstangveiði.

Á svæðinu er mikil orkuframleiðsla sem skapar sóknartækifæri. Áform er um um þrjár nýjar virkjanir á veituleið hennar. Að auki eru áform um uppbyggingu vindmyllugarða í Blöndulundi í nágrenni virkjunarinnar. Í rammaætlun er enn fremur gert ráð fyrir virkjanakostum í Vatnsdalsá og Blöndu í Blöndudal lítill hluti rafmagnsins sem er framleitt er nýtist á svæðinu. Endurbætur á raforkuflutningskerfinu eru mikilvægt hagsmunamál íbúa á svæðinu.

## Atvinnulíf

Framtíðarsýn Húnavetninga er að áfram verði byggt á styrkum stoðum atvinnulífs á svæðinu, þ.e. landbúnaði, þjónustu, sjávarútvegi, ferðaþjónustu, sbr. m.a. liði C.1. og C.2. í Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.

Í Austur- Húnavatnssýslu er mikil matvælaframleiðsla. Í sveitarfélögunum fjórum eru aðstæður til búskapar og framleiðslu landbúnaðarafurða og skógræktar góðar. Nægt landrými er á svæðinu, góðar landbúnaðarjarðir og grösug beitarsvæði. Mikil þekking og reynsla af landbúnaði og vinnslu landbúnaðarafurða er auk þess fyrir hendi á svæðinu, enda landbúnaður ein meginstoðanna í atvinnulífi svæðisins. Miklir möguleikar felast í aukinni fullvinnslu afurða á svæðinu, s.s. með aukinni ullarvöru- og matvælaframleiðslu. Möguleikar eru á nýtingu orku í landbúnaðarframleiðslu, t.d. með grænmetisrækt í gróðurhúsum. Aukin umferð ferðamanna hefur jafnframt í för með sér möguleika á markaðssetningu matvæla sem framleidd eru á svæðinu. Hið sama á við um aðstæður til bleikju- eða laxaseiðaeldis á landi. Hugmyndir hafa verið uppi um notkun affallsvatns í bleikju- eða seiðaeldi, t.d. á Húnavöllum.

Á svæðinu eru iðnaðar- og framleiðslufyrirtæki sem byggja á framleiðslu landbúnaðarafurða og matvæla. Istex hf. rekur ullarþvottastöð á Blönduósi og þar er Vilko ehf. einnig með matvælaframleiðslu þar sem starfa um 30 manns. Á Blönduósi er einnig sláturhús Kjarnafæðis og vísir að iðngörðum. Nægt framboð er af skipulögðum lóðum fyrir iðnað og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu. Verð og aðgengi að lóðum og húsnæði fyrir atvinnustarfsemi er sóknartækifæri fyrir svæðið allt.

Á Skagaströnd er Sjávarlíftækniatrið BioPol sem stundar rannsóknir á lífríki hafs og stranda og á vettvangi líftækni. Starfsemi Biopol skapar góðan grundvöll fyrir nýtingu nýrra tækifæra á þessu sviði og til nýsköpunar í nýtingu sjávarfangs og smápörunga. Undir hatti BioPol er rekin Vörusmiðja, vottað vinnslurými, sem skapar smáframleiðendum tækifæri í vöruþróun matvæla. Félagið rekur jafnframt netverslun sem opnar sölugátt fyrir sömu aðila.

Upplýsingatækniinnviðir eru góðir á svæðinu og víðast hvar hægt að tengjast ljósleiðara eða öðru háhraðaneti. Gagnaver á svæðinu getur enn fremur skapað fleiri möguleika í starfsemi

sem tengist upplýsingatækni. Þéttbýlið á Blönduósi er þó ekki ljósleiðaratengt og nokkuð er um dauða bletti á milli þéttbýlisstaða

Listamiðstöðvar eru bæði á Skagaströnd og á Blönduósi sem skapar sóknarfæri í skapandi greinum. Á Blönduósi er Textílmíðstöð Íslands – þekkingarsetur, sem varð til við sameiningu Textílseturs Íslands og þekkingarsetursins á Blönduósi. Á Skagaströnd er Nes Listamiðstöð. Þar eru vinnustofur listamanna, sýningarhald og kynning á menningu og listum. Lögð er áhersla á samvinnu við starfandi félög listamanna og menntastofnanir í landinu.

Á Skagaströnd og á Blönduósi er starfsemi á vegum opinberra aðila við það sem kalla mætti bakvinnslu, þ.e. Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga Vinnumálastofnunar á Skagaströnd og Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi. Reynslan af starfseminni er almennt góð og á henni væri hægt að byggja á fleiri sviðum opinberra bakvinnsluverkefna, s.s. útgreiðslu bóta og innheimtu fyrir fleiri stofnanir. Einnig mætti sjá fyrir sér að þær stofnanir sem þegar eru með starfsstöðvar á svæðinu getu hýst starfsmenn annarra ríkisstofnana sem sinna störfum sem ekki eru staðbundin.

### Ferðapjónusta

Á svæðinu eru margar náttúruperlur, sögufrægir staðir, söfn og sýningar sem gætu með rétttri markaðssetningu og uppbyggingu á aðstöðu laðað að sér fleiri ferðamenn en þær gera nú. Vísað er til nánari umfjöllunar í Áfangastaðaáætlun Norðurlands árið 2018.<sup>1</sup> Á svæðinu eru einnig vinsælar lax- og silungsveiðiár sem nú þegar laða að sér ferðamenn. Miklir möguleikar eru á útivist, t.d. í göngu- hesta- og fjallaferðum í ósnortinni náttúru.


Vegurinn um Skaga er markaðssettur sem hluti af Norðurstrandarleið (e. Arctic Coast Way) sem valinn var einn af tíu áhugaverðustu áfangastöðunum af Lonely Planet árið 2019 og Hveravellir eru í Áfangastaðaáætlun Norðurlands 2018 taldir meðal fjórtán helstu segla í ferðapjónustu á Norðurlandi. Góðar tengingar eru við hálendið um Kjalveg.

Á Blönduósi er öll nauðsynleg þjónusta fyrir ferðamenn, á Húnavöllum er hótél og á Skagaströnd er nýtt og glæsilegt gistiheimili. Á Skagastönd er unnið að metnaðarfullu verkefni, Sjóböðum á Hólanesi, sem ætlað er að laða að um 40.000 gesti árlega. Meðal annars er horft til móttöku skemmtiferðaskipa. Gangi þau áform eftir munu skapast umtalsverð tækifæri innan ferðapjónustu á svæðinum öllu.

Á tímabilinu frá 2015 til 2019 fjölgaði gistinóttum á Íslandi um 30% skv. tölum Hagstofunnar. Gistinóttum á Norðurlandi eystra hefur fjölgað um 24% á sama tímabili en á Norðurlandi vestra hefur gistinóttum fækkað um 8%. Hlutdeild Norðurlands vestra af heildarfjölda gistinóttanna í landinu er aðeins um 3% í upphafi tímabilsins en lækkar í 2% frá og með árinu 2016. Hlutur svæðisins í fjölda gistinátta er óeðlilega lítill og sú aukning sem verið hefur í ferðapjónustu undanfarin ár hefur ekki náð til Húnavatnssýslna.

---

<sup>1</sup> [www.northiceland.is/static/files/DMP/dmp\\_skyrsla\\_2018\\_web\\_4utgafa.pdf](http://www.northiceland.is/static/files/DMP/dmp_skyrsla_2018_web_4utgafa.pdf) (sótt 14.4.2020)



Mynd 1: Fjöldi gistinátta eftir svæðum á Norðurlandi 2015-2019. N1 eru Húnavatnssýslur. N2 eru Skagafjörður og Eyjafjörður og N3 Þingeyjarsýslur. Heimild: Áfangastaðaáætlun Norðurlands

## Sjávarútvegur


Í Húnaflóa og norður af honum eru gjöful fiskimið botnfisktegunda og hægt að stunda fiskveiðar allan ársins hring. Hafnaraðstaða er góð á Skagaströnd og góð þjónusta við útgerðir fyrir hendi, s.s. rafverktakar, vélsmiðja og netagerð. Nýlegar hugmyndir sem settar voru fram af hálfu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta gætu skapað grundvöll fyrir aukinni sjósókn smábáta.

Blönduósshöfn og Skagastrandarhöfn voru heimahafnir 51 báts og skipa vorið 2020. Þar af eru 12 skráð í núllflokk sem eru bátar án veiðiheimilda. Fjórtán þeirra báta sem skráðir eru með Skagaströnd sem heimahöfn eru skráðir fyrir löndunum í Skagastrandarhöfn fiskveiðiárið 2019-2020 og fimm sem skráðir eru með Blönduós sem heimahöfn. Auk þeirra hafa 20 bátar með aðrar skráðar heimahafnir landað á Skagaströnd á fiskveiðiárinu.

Nokkur samdráttur hefur orðið í löndun á Skagaströnd. Annars vegar er togarinn Arnar HU-1, sem áður landaði á Skagaströnd, farinn að landa á Sauðárkróki Umtalsvert magn veiðiheimilda er vistað á bátum og skipum sem hafa Skagaströnd sem heimahöfn án þess að heimamenn hafi yfirráð yfir þeim. Þar skipta aflaheimildir Arnars HU-1 umtalsverðu máli. Nálægð Skagastrandarhafnar við gjöful fiskimið í Húnaflóa hafa í gegnum tíðina skapað umtalsverð umsvif við í tengslum við aðkomubáta. Vannýttir möguleikar eru til staðar varðandi móttöku skemmtiferðaskipa. Ný glæsileg smábátahöfn auðveldar til muna móttöku léttabáta sem ferja fólk í land þó svo að stærri skip komi ekki til hafnar. .

Í tillögu að samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir að ráðist verði í endurbætur á Ásgarði (stálþil) fyrir um 245 m.kr. á árunum 2021-2024 og að framkvæmdir verði hafnar við endurbyggingu trébryggju á milli Ásgarðs og Miðgarðs árið 2024. Framkvæmdir fyrir um 60 m.kr. eru ófjármagnaðar.

Engin fiskvinnsla er á Skagaströnd og sá afli sem þar er landað seldur á uppboðsmarkaði eða fluttur annað til vinnslu.



Mynd 2: Kvótaúthlutun til báta með heimahöfn á Blönduósi og Skagaströnd fiskveiðiárin 2000/2001-2019/2020.  
Heimild: Fiskistofa, sérkeyrsla

## Samgöngur

Á íbúafundum sem haldnir voru í tengslum við verkefnið árið 2017 kom fram að almennings-samgöngum á svæðinu er ábótavant. Svæðið er mjög dreifbýlt og því erfitt að halda uppi almennings-samgöngum með hagkvæmum hætti. Ástand héraðs- og tengivega stendur uppbyggingu að nokkru leyti fyrir þrífum og skerðir lífsgæði íbúa. Um 75% vegakerfisins innan svæðisins eru án bundins slitlags. Vaxandi umferð ferðamanna um lélega vegi á svæðinu eykur slyshættu og ástand vega dregur úr aðdráttarafli svæðisins fyrir ferðamenn. Stóraukið viðhald stofn- og tengivega og markviss uppbygging tengivega eru meðal forgangsverkefna í stefnumótun SSNV í samgöngumálum. Nýr Skagastrandarvegur verður boðinn út í febrúar 2021.

### Vegir í Austur Húnavatnssýslu skv. vegaskrá (km)


Vegflokkur	Bundið slitlag	Möl	Samtals
Stofnvegir	106	8	114
Stofnvegir um hálendi	0	83	83
Tengivegir	28	151	179
Landsvegir	0	82	82
Héraðsvegir	3	87	90
<b>Samtals</b>	<b>137</b>	<b>411</b>	<b>549</b>

## Byggðapróun

Þann 1. janúar 2021 voru íbúar á svæðinu 1.884. Íbúar Skagastrandar voru 470, íbúar Skagabyggðar 92, íbúar í Húnavatnshreppi eru 372 og íbúar Blönduósbæjar voru 950. Umfjöllun um byggðapróun tekur mið af stöðunni árið 2020, í ljósi þess að aðeins er liðinn um mánuður af árinu 2021.


Árið 2020 hafði búum svæðisins hefur fækkað um 195 undangengin 20 ár eða um 9%. Á síðustu 5 árum varð fjölgun í Blönduós bæ um 77 íbúa en fækkun um 66 íbúa varð í hinum sveitarfélögum þremur samanlagt.

Meðalaldur á svæðinu er 40 ár sem er nokkuð herra en landsmeðaltalið sem er 37,8 ár. Hæstur er meðalaldurinn í Húnavatnshreppi 41,1 ár. Karlar eru um 53% íbúa. Íbúar með erlent ríkisfang eru um 7,8% sem er umtalsvert lægra hlutfall en hlutfallið á landinu öllu sem er 12,4%.



Mynd 3: Íbúafjöldi sveitarfélaganna fjögurra 2001-2020.

Hlutfall íbúa í aldurshópnum 65 ára og eldri hefur farið hækkanði undanfarin ár. Hlutfallið var 17,3% árið 2015 en var árið 2019 komið í 20,3%. Hlutfall íbúa í aldurshópnum frá 25 ára til 54 ára er lágt, eða um 35% sem er 4,1% undir viðmiðum um lýðfræðilega veikleika samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar.



Mynd 4: Aldurssamsetning Austur-Húnavatnssýslu 2020

Samkvæmt greiningu Byggðastofnunar á stöðu landshlutans fyrir árið 2020 eru um 5% íbúa með framhaldsmenntun úr háskóla og um 8% með grunnmenntun úr háskóla. Sem hvort tveggja er nokkuð undir landsmeðaltali og meðaltali annarra landshluta utan Höfuðborgarsvæðisins. Um 40% hafa lokið starfsnámi í framhaldsskóla og um 42% hafa lokið grunnskólanámi og um 5% hafa lokið bóknámi úr framhaldsskóla. Líklegt má telja að menntunarstigið endurspeglir það atvinnuframboð sem er á svæðinu og að ekki sé eftirspurn eftir meira

menntuðu vinnuafli. Tekjur á mann á Norðurlandi vestra verið umtalsvert lægri en landsmeðaltal hvort sem horft er til útsvarsstofns, atvinnutekna eða fjármagnstekna á síðastliðnum áratug. Það er því sveitarfélögunum mjög í hag að stuðla að hærra menntunarstigi og fjölgun starfa sem krefjast meiri menntunar.

## Landbúnaður

Lítill endurnýjun í ábúð og mannvirkjum á bújörðum er áhyggjuefni. Bújörðum í landbúnaðarframleiðslu fer fækkandi og jörðum í eyði fjölgar að sama skapi. Uppkaup á jörðum til að tryggja veiðiréttindi eiga sinn þátt í þessari þróun. Samfara þessu fer meðalaldur ábúenda hækkandi. Margir sauðfjárþændur í sýslunni stunda aðra atvinnu samhliða búskap. Fjárfesting í nýrri tækni við framleiðsluna og sjálfvirknivæðingu er takmörkuð. Bændur hafa því dregist aftur úr í þróun framleiðsluhátta.

Fjöldatölur í landbúnaði							
Ár	Býli	Nautgripir	Sauðfé	Svín	Hross	Loðdýr	Alifuglar
2000	170	3.296	29.405	117	5.313	30	63
2005	174	2.583	33.670	0	6.197	15	3.304
2010	163	2.680	36.850	0	5.322	0	133
2015	176	2.901	38.232	0	5.600	0	3.144
2018	175	3.155	37.440	2	5.990	0	105
2019	176	3.275	36.996	2	6.374	3	104

Tafla 1: Fjöldi býla sem skila afurðatölum og búfjár 2000-2019.

Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Lögbýlum með skráðan búfénað hefur fækkað um 7 í Húnavatnshreppi frá árinu 2000, fjölgað um sex í Blönduósbæ, um fjögur í Skagabyggð og um 3 í sveitarfélaginu Skagaströnd. Lögbýlum á svæðinu þar sem haldið er búfé hefur því fjölgað um 6 á tímabilinu.

Ár	Naut	Folöld	Hross	Sauðfé	Lömb
2012	1.964	1.856	1.098	8.230	94.228
2013	1.771	1.656	1.106	8.390	94.001
2014	1.445	2.205	637	7.937	96.301
2015	1.436	1.662	641	10.192	94.413
2016	1.813	1.499	580	6.316	96.995
2017	1.654	2.217	592	8.404	96.015
2018	1.450	1.407	322	9.072	92.750
2019	1.659	2.147	479	7.185	72.858
2020	1.574	2.209	572	7.143	72.335
<b>Breyting 2012-2020</b>	<b>-20%</b>	<b>19%</b>	<b>-48%</b>	<b>-13%</b>	<b>-23%</b>

Tafla 2: Fjöldi búfjár sem slátrað var í slátruhúsi SAH Afurða ehf. á Blönduósi 2012-2020.

Heimild: SAH Afurðir ehf.

Svína- og loðdýra- og alífuglarækt er hverfandi í sveitarfélögunum fjórum. Nautgripum fækkaði úr 3.296 í 2.583 á milli árána 2000 og 2005, en hefur fjölgað síðan í 3.275 gripi. Sauðfé hefur fjölgað um 21% á tímabilinu 2000-2019. Hrossum hefur sömuleiðis fjölgað um 18% m.a. vegna aukinna umsvifa í framleiðslu merablóðs. Má því álykta að vöxtur hafi verið í búfjarrækt á svæðinu, þótt ákveðnar tegundir búfjarræktunar hafi ekki náð fótfestu. Bændur í Austur-Húnavatnssýslu hafa undanfarin misseri flutt meira fé til slátrunar á Sauðárkróki, m.a. vegna hagstæðara afurðaverðs, og störfum við slátrun á Blönduósi hefur fækkað vegna minnkandi umsvifa (sjá töflu 2). Tækifæri liggja í aukinni fullvinnslu afurða á svæðinu.

<b>Sveitarfélag</b>	<b>Greiðslumark lítrar</b>	<b>Fjöldi býla</b>
5604 Blönduós	473.470	3
5611 Skagabyggð	1.353.424	6
5612 Húnavatnshreppur	2.338.129	18
<b>Samtals</b>	<b>4.165.023</b>	<b>27</b>
<b>Landið</b>	<b>139.004.106</b>	<b>569</b>
<b>Hlf. landsins</b>	<b>3,0%</b>	<b>4,7%</b>

*Greiðslumark mjólkur 2019 og fjöldi býla með greiðslumark. Hlutfall Austur-Húnavatnssýslu af greiðslumarki landsins. Heimild: Alþingi*